

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Ársskýrsla 2017

Formáli

Skólastarf í framhaldsskólum landsins hefur tekið breytingum eftir að ákveðið var að nám til stúdentsprófs yrði þriggja ára nám. Skólaárið 2017 – 2018 markar tímamót í sögu Verzlunarskólans þar sem síðustu nemendur skólans úr fjögurra ára námi útskrifuðust og þeir fyrstu í hinu nýja þriggja ára námi til stúdentsprófs. Þessi kaflaskil hafa óneitanlega áhrif á rekstur og skipulag skólans þar sem tveir árgangar kvöddu skólann á sama tíma og þar með hefur nemendum við skólann fækkað töluvert.

Á sama tíma og skólinn hefur verið að innleiða nýtt nám til stúdentspróf hafa starfsmenn einnig unnið að stefnumótun skólans og framtíðarsýn hans.

Í þessari skýrslu verður vikið að helstu þáttum skólastarfsins, starfsmannahaldi og rekstri á þessum tímamótum.

Gildi Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir gildum sem eru í senn grunnstoðir þeirrar menningar sem við viljum að ríki innan skólans og áskorun þegar takast þarf á við ný viðfangsefni framtíðarinnar. Gildin eru sýnileg í öllu starfi skólans og til marks um sýn skólans á skyldur sínar gagnvart umþjóðendum sínum.



Rekstrarform Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir m.a.: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem m.a. kemur fram hve marga nemendur skólinn má hafa svo og greiðslur til skólans og annað sem tengist starfsemi hans.

Eins og fyrr segir þá er Verzlunarskólinn sjálfseignarstofnun og eru bakhjarlar hans Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Það eru bakhjarlarnir sem skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.



Fulltrúaráðið er skipað eftirfarandi:

- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður
- Ásdís Kristjánsdóttir
- Ásta S. Fjeldsted
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Jón Diðrik Jónsson
- Margrét Flóvenz
- Steinn Logi Björnsson


Stjórn og starfslið

Ný skólanefnd tók til starfa í maí 2014. Nefndarmenn eru:

- Bryndís Hrafnkelsdóttir formaður
- Helgi Jóhannesson varaformaður
- Andri Þór Guðmundsson
- Hannes Frímann Hrólfsson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir

Ásta Henriksen tók sæti í skólanefnd í janúar 2018, sem áheyrnarfulltrúi starfsmanna .
Áður hafði Þórður Möller verið fulltrúi starfsmanna.


Skipurit skólans




Stjórnendur skólans eru:

- Ingi Ólafsson skólastjóri
- Þorkell Diego yfirkennari
- Guðrún Inga Sívertsen verkefnastjóri þróunar og nýsköpunar
- Klara Hjálmtýsdóttir áfangastjóri
- Sigurlaug Kristmannsdóttir fjarnámsstjóri


Á haustönn voru kennarar 89 talsins. 60 konur eða 67% og 29 karlar eða 33% karlar.



Hér að neðan má sjá menntun kennara skólans en þessi samantekt var tekin saman haustið 2017.



Aðrir starfsmenn voru samtals 27. Eins og áður segir eru 5 í yfirstjórn, en að auki eru 4 starfsmenn á skrifstofu, 3 á bókasafni, 3 námsráðgjafar og 7 sem sinna kerfisstjórn, húsvörslu og dagræstingum. Skólinn rekur sjálfur mötuneyti starfsmanna og nemenda og er fjöldi starfsmanna í mötuneyti 5.



Að auki eru um 15 manns í hlutastörfum við ræstingar, vakt á bókasafni um kvöld og helgar o.fl.

Húsnæði

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m².

Kennslurýmið skiptist þannig:

- 40 kennslustofur
- 3 fyrirlestrasalir
- 3 tölvustofur, hver með 28 tölvum
- 4 tölvuver, hvert með 15 tölvum
- 3 raungreinastofur, ein fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og sú þriðja fyrir eðlisfræði. Lögð er áhersla á að útbúa stofurnar með öllum nauðsynlegum búnaði
- 2 íþróttasalir, þreksalur og stór salur
- bókasafn, sem er 350 m². Safnið er mjög vel búið af bókakosti og annarri aðstöðu til lestrar og gagnaöflunar. Að auki er lessalur með 30 lesbásum.

Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda á liðnu ári. Nýir stólar voru keyptir í kennslustofur skólans. Þá voru borð og stólar sett á ganga skólans sem nýtast vel til hvers konar vinnu nemenda.

Námsframboð

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Lengst af hefur Verzlunarskólinn verið fjögurra ára framhaldsskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Skólinn er opinn nemendum alls staðar að af landinu og starfar í bekkjardeildum. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi námsbrauta, sem leiða til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið hvort heldur sem er í dagskóla eða fjarnámi.

alþjóðabraut <ul style="list-style-type: none"> • alþjóðasamskipti 	nýsköpunar- og listabraut <ul style="list-style-type: none"> • sviðslist/sjónlist 	náttúrufræðibraut <ul style="list-style-type: none"> • eðlisfræðilína • líffræðilína 	viðskiptabraut <ul style="list-style-type: none"> • hagfræðilína • viðskiptalína
---	--	--	--

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Námið er þrískipt og geta nemendur valið um fjórar mismunandi brautir.

Uppbygging allra brauta er eins:

- sameiginlegur kjarni – 97 einingar
 - hér er um að ræða alla þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum.
- brautarkjarni – 60 einingar
 - hér er um að ræða 12 fimm eininga áfanga sem einkenna hverja braut fyrir sig.
- pakkar og val – 50 einingar
 - þessi partur samanstendur af sex áföngum, fimm einingar hver, og fjórum valáföngum. Tveir af valáföngunum eru í bundnu vali og geta nemendur valið tvo af fjórum áföngum til að búa sig enn frekar undir nám tengt brautarvalinu og síðan eru tveir áfangar í frjálsum vali.

Úttekt á styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Haustið 2015 hóf fyrsti árgangurinn nám á þriggja ára námsbrautum við Verzlunarskólann og útskrifaðist þremur árum síðar, vorið 2018. Á sama tíma útskrifuðust síðustu nemendur í fjögurra ára náminu. Miðað við umfang breytinganna hefði skólinn talið eðlilegt að yfirvöld menntamála hefðu notað þetta einstaka tækifæri og gert úttekt á því hvernig til hefði tekist. Það fórst því miður fyrir og var því ákveðið að skólinn gerði sjálfur úttekt á þessum

útskriftarárgöngum. Til þess að auka áreiðanleika var ákveðið að leyta til utanaðkomandi fyrirtækis, Maskínu, við gerð úttektarinnar. Skýrslu um úttektina er að finna á heimasíðu skólans, https://www.verslo.is/media/2017/3-ara-nam_skyrsla2018.pdf.

Nemendur

Haustið 2016 hófu 1151 nemandi nám við skólann en 1145 þreyttu próf um vorið, þ.e. 6 nemendur féllu eða hættu námi skólaárið 2016-2017 (umfram þá sem komu nýir inn). Í skólanum voru 45 bekkir og var skólinn yfirfullur og margir bekkir mjög fjölmennir, í raun mun fjölmennari en við hefðum viljað. Vorið 2017 luku 264 nemendur stúdentsprófi þar af 5 úr fjarnámi (259 úr dagskólanum). Hér að neðan er yfirlit yfir útkomu úr prófum vorið 2017.

Nemendur sem tóku próf vorið 2017

	Fjöldi nemenda í próf	Fullnægjandi árangur	Þurftu að endurtaka einn eða fleiri áfanga	Endanlegt fall, höfðu ekki endurtökurétt
1. ár	324	234	81	9
2. ár	267	184	74	9
5. bekkur	292	214	68	10
6. bekkur	262	259	0	3
	1145	891	223	31

Til viðbótar við ofangreindar tölur fengu 3 nemendur stúdentspróf haustið 2017. Þessir nemendur luku tilskildum áföngum í fjarnámi um sumarið. Í desember 2017 luku 3 nemendur stúdentsprófi úr fjarnámi.

Aðsókn að Verzlunarskólanum hefur verið mjög góð í langan tíma. Á því varð ekki nein undantekning árið 2017. Alls bárust 602 umsóknir (val 1 og val 2) vorið 2017 frá 65 grunnskólum á landinu. Taflan hér að neðan sýnir fjölda umsókna grunnskólanema sem sett höfðu Verzlunarskólann sem val 1 og fjölda innritaðra frá einstökum grunnskólum landsins.

Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra	Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi innritaðra
Garðaskóli	42	27	Ölduselsskóli	4	1
Réttarholtsskóli	36	25	Langholtsskóli	3	3
Hagaskóli	27	20	Snælandsskóli	3	3
Árbæjarskóli	19	14	Heiðarsk. – Reykjanes	3	2
Salaskóli	18	9	Kópavogsskóli	3	2
Smáraskóli	14	10	Setbergsskóli	3	2
Foldaskóli	14	6	Sjálandsskóli	3	2
Víðistaðaskóli	13	12	Grunnsk. Vestm.	3	1
Hörðuvallaskóli	13	11	Hlíðaskóli	3	1
Rimaskóli	13	11	Norðlingaskóli	3	0
Lindaskóli	13	9	Austurbæjarskóli	2	2
Seljaskóli	11	6	Grunnsk. Grindav.	2	2
Varmárskóli	10	9	Grunnsk Hornafj.	2	2
Erlendis frá	10	9	Akurskóli	2	1
Grunnsk. Seltj.	10	6	Holtaskóli	2	1
Lágafellsskóli	10	3	Hólabrekkuskóli	2	1
Ingunnarskóli	9	8	Landakotsskóli	2	1
Álftanesskóli	9	4	Árskóli	1	1
Hraunvallaskóli	8	3	Dalskóli	1	1
Laugalækjarskóli	7	4	Framsýn menntun ehf	1	1
Njarðvíkurskóli	7	3	Grunnsk. Reyðarfj.	1	1
Vatnsendaskóli	7	3	Grunnsk. Þorlákshöfn	1	1
Sæmundarskóli	7	2	Háteigsskóli	1	1
Kelduskóli – Vík	6	4	Hvaleyrarskóli	1	1
Álfhólsskóli	6	1	Hvolsskóli	1	1
Áslandsskóli	5	3	Klébergsskóli	1	1
Háaleitis – Álftamýri	5	3	Sunnulækjarskóli	1	1
Kársnesskóli	5	3	Tjarnarskóli	1	1
Lækjarskóli	5	3	Vallaskóli	1	1
Breiðholtsskóli	5	2	Vættaskóli – Engi	1	1
Grundaskóli	4	3	Fellaskóli	1	0
Vogaskóli	4	2	Grunnskóli Djúpavogs	1	0
Öldutúnsskóli	4	2			

Teknir voru inn 280 nemendur í 11 bekki, einn á alþjóðabraut, einn á nýsköpunar- og listabraut, fimm á náttúrufræðibraut og fjórir á viðskiptabraut. Í töflunni hér að neðan sést yfirlit yfir fjölda nemenda eftir kynjum á einstökum brautum í skólanum í heild.

Nemendur sem voru skráðir í skólann haustið 2017

	1. ár			2. ár			3. ár			6. bekkur		
	heild	strákar	stelpur	heild	strákar	stelpur	heild	strákar	stelpur	heild	strákar	stelpur
fél/alþ	25	4	21	26	12	14	26	6	20	22	8	14
nát	126	38	88	123	46	77	129	47	82	128	60	68
ný/lis	26	6	20	24	2	22	24	5	19			
Við	100	42	58	139	56	83	78	26	52	133	64	69
	277			312			257			283		

Það voru því 1129 nemendur sem voru skráðir í skólann í upphafi haustanna, flestir á náttúrufræðibraut eða 506 (44,7%). Á viðskiptabraut voru 450 (39,9%), 99 (8,8%) á félagsfræðibraut og 74 (6,6%) á nýsköpunar- og listabraut. Hér að neðan er yfirlit yfir útkomu úr prófum í desember 2017 en allir þeir nemendur sem hófu nám í skólanum að hausti þreyttu próf um jólin, eða 1129 nemendur.

Nemendur sem þreyttu í próf desember 2017

	Fjöldi nemenda í próf	Fullnægjandi árangur	Þurfa að endurtaka einn eða fleiri áfanga	Endanlegt fall, höfðu ekki endurtökurétt
1. ár	277	193	84	0
2. ár	312	234	72	6
5. bekkur	257	209	45	3
6. bekkur	283	227	54	3
	1129	863	255	11

Þegar ákveðið var að stytta framhaldsskólann um eitt ár var strax ljóst að nemendum í framhaldsskólum myndi fækka á landsvísu. Verzlunarskólinn hefur ekki farið varhluta af því. Á undanförunum árum hefur ársnemendum skólans (dagskólanemendur og fjarnemendur) fækkað úr 1441 árið 2014 í 1256 fyrir árið 2017. Fyrirsjáanleg er enn frekari fækkun.

Fjarnám

Eins og undanfarin ár hefur skólinn boðið upp á fjarnám á þremur önnum, þ.e. vor, sumar og haust. Í töflunni hér að neðan eru tölulegar upplýsingar um fjarnemendur ársins 2017.

	vor	sumar	haust	samtdals
Fjöldi nemenda	446	475	372	1293
Fjöldi eininga pr. nemanda	5,29	5,12	532	5,24
Mæting í próf	71,8%	77,4%	72,2%	73,8%
Fjöldi ársnemenda	48,4	53,7	43,7	142,9

Fjarnámsnemendur eru mun fjölbreyttari hópur en dagskólanemendur. Það má í raun skipta fjarnámsnemendum í þrjá flokka:

- dagskólanemendur Verzlunarskólans sem taka áfanga í fjarnámi sem val, þurfa að endurtaka áfanga vegna falls, bæta við sig áföngum vegna brauta- eða bekkjaskipta, eða fyrirhugaðs framhaldsnáms,
- nemendur annarra skóla (grunn-, framhalds- og háskóla)
- og svo þeir sem eru ekki í öðrum skóla en taka einn og einn áfanga til að komast á ákveðnar brautir í háskóla og enn aðrir stefna á stúdents- og/eða verslunarpróf.

Í töflunni hér að neðan kemur fram skipting milli hópa.

Fjarnemendur árið 2017	1293	%
Háskólanemendur	1	0,08
Nemendur í erlendum skólum	8	0,6
Grunnskólanemendur	64	4,9
Nemendur sem ekki hafa gefið upplýsingar um skóla	359	27,8
Nemendur annarra framhaldsskóla	479	37,0
Nemendur VÍ	382	29,5

Nemendapjónusta Verzlunarskólans

Í nemendapjónustunni starfa þrír náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum og eru þeir hagsmunaaðilar nemenda og talsmenn innan skólans. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

Verzló á farsælt samstarf við LKMS (Litla Kvíðameðferðarstöðin) og hafa sálfræðingar á þeirra vegum komið inn í lífsleikni á fyrsta ári og rætt um frammistöðukvíða. Einnig hafa þeir verið með fræðslu fyrir kennara, foreldra og aðra nemendur skólans með góðum árangri. Skólinn hefur keypt af LKMS sálfræðitíma sem námsráðgjafar skólans geta boðið nemendum upp á þegar alvarleg tilfelli koma upp. Viðmiðið er að nemandi fái einn tíma frían frá skólanum. Forvarnir tilheyra starfi nemendapjónustunnar og hefur megináherslan verið sú að draga úr áfengisneyslu nemenda á dansleikjum og öðrum skemmtunum á vegum skólans. Nemendur á 1. ári blása í áfengismæli á dansleikjum og eldri nemendum stendur það einnig til boða. Nemendur, sem blása, fara í svokallaðan edrúpott sem dregið er úr eftir hvern dansleik og fjölgar sífellt þeim sem kjósa að blása.

Notkun rafretta hefur aukist mjög meðal nemenda. Við því var brugðist með því að banna þær alfarið á sama hátt og annað tóbak.

Nemendapjónustan hefur markvisst unnið að því að styðja betur við þá nemendur sem ná ekki að tengjast inni í bekkjunum.

Stefnumótun

Vorið 2016 var sett af stað stefnumótunarvinna fyrir Verzlunarskólann undir handleiðslu Capacent. Stuðst var við hugmyndafræði sem nefnd er *Design Thinking*. Í febrúar 2017 var kynnt framtíðarsýn skólans með stefnumarkandi árherslum til fimm ára, (sjá hér að neðan). Mánuði seinna eða í mars 2017 hófst vinna við innleiðingu. Myndaðir voru hópar sem funduðu reglulega á svokölluðum töflufundum.



2022
 VERZLÓ MENNTAR &
 EFLIR EINSTAKLINGA
 SEM SKAPA
 FRAMTÍÐINA

capacent

Stefnumarkandi áherslur

<p>1) Framsæknir kennsluhættir og námsskipulag</p> <p>Ví menntar einstaklinga með áherslu á gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun. Í náminu er lagt upp með þverfaglegt samstarf og hugsun með samspieli viðskipta, vísinda og skapandi greina. Skólinn brýtur upp hefðbundið skólastarf með fljótandi stundatöflu, framsæknum kennsluaðferðum, sveigjanlegri notkun rýmis og tæknivæðingu.</p>	<p>2) Framúrskarandi aðhald og hvatning við nemendur</p> <p>Ví tryggir eflingu sjálfstrausts og sjálfsmats með því að halda utan um hvern einasta nemanda. Lögð er rík áhersla á vellíðan nemenda og að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra á námsferlinum. Nemendur eru studdir við að taka ábyrgð á eigin námi og að styðja hvern annan markvisst.</p>
<p>3) Sterk tenging við atvinnulíf og háskóla</p> <p>Ví er í forystu varðandi tengingu við atvinnulíf og háskóla á Íslandi og alþjóðlega sem veitir skólanum og nemendum forskot yfir aðra skóla. Ví starfar náið með erlendum fyrirmyndarframhaldsskólum að þróunarstarfi, nemendaskiptum, endurmenntun ofl.</p>	<p>4) Stjórnun, starfsánægja og árangursmælingar til fyrirmyndar</p> <p>Ví er með hæft, framsækið og ánæggt starfsfólk. Lögð er áhersla á að skipulag, mannauðsmál og stjórnun sé til fyrirmyndar. Ví er í farabroddi í þverfaglegu samstarfi kennara, nemenda og atvinnulífs. Ví setur sér skýr og mælanleg markmið varðandi gæði náms, vellíðan nemenda og starfsfólks og árangur. Ví ber sig saman við fyrirmyndarframhaldsskóla erlendis.</p>

Í fyrstu var áhersla lögð á að vinna með aðhald og hvatningu nemandans. Það koma skýrt í ljós í stefnumótunarferlinu að mikil áhersla allra var á að skólinn héldi enn betur utan um hvern og einn nemanda og að nemendum væri fylgt eftir út skólagönguna með mikilli hvatningu og aðhaldi. Haustið 2017 var farið af stað með nýtt fyrirkomulag fyrir nýnema hvað varðar umsjónarkennara og lífsleiknikennslu. Aukin áhersla er á persónuleg tengsl og aðhald hvers og eins. Nú fær hver nemandi sem hefur nám við skólann sinn umsjónarkennara, sem mun fylgja honum út skólagönguna. Þá var sú breyting gerð að námsráðgjafar fylgja árgangi í þrjú ár í stað þess sem áður var að námsráðgjafar skiptu árunum á milli sín.

Á haustönn 2017 var unnið með þróun kennsluhátta í skólanum. Þá voru vinnustofur meðal starfsmanna sem báru heitið „jafningjafræðsla og jafningjastuðningur“. Marmið með þeim voru að kennarar kynntu fyrir samkennurum sínum þær kennsluaðferðir sem þeir notuðu. Þá var markmiðið með jafningjastuðningnum sá að kennarar pörðu sig saman og heimsóttu síðan kennslustundu hjá hvor öðrum og áttu svo samtál sín á milli um kennslustundirnar. Þá var unnið með að finna leiðir til að auka alþjóðasamstarf skólans með það að markmiði að gefa sem flestum nemendum tækifæri á að taka þátt.

Einnig var umbótateymi sett á laggirnar sem hafði það verkefni að kanna hvernig nota mætti betur húsnæði skólans með þarfir nemenda í huga. Umbótateymið heimsótti aðra skóla og kynnti sér aðstöðu þeirra. Þá höfðu áður nokkrir starfsmenn skólans heimsótt danska menntaskóla og voru með hugmyndir þaðan sem unnið var með. Húsgögn voru keypt á

ganga skólans, borð og stólar, sem nýtast nemendum auk þess sem aðstaðan býður upp á að kennarara geti brotið upp kennslustundir og fært kennsluna fram á ganga skólans.

Ársreikningur 2017

Rekstur skólans hefur verið frekar þungur undanfarin ár. Þetta á sérstaklega við um árið 2015. Árin 2016 og 2017 var reynt að hagræða enn frekar, m.a. með því að draga verulega úr yfirvinnu kennara. Launakostnaður var þó um 81% af rekstrarútgjöldum skólans og þess má einnig geta að launakostnaður var rúmlega 97% af framlagi ríkisins. Rekstrarafkoma skólans var mjög svipuð árin 2016 og 2017 eða um 9 millj.

Rekstrartekjur (þús. kr.)	2017	2016	Breyting milli ára
Framlag ríkissjóðs	1.350.029	1.261.462	7,0%
Skólagjöld	218.147	203.609	7,1%
Aðrar tekjur	38.589	40.889	-5,6%
	1.606.764	1.505.960	6,7%
Rekstrargjöld (þús. kr.)			
Laun og launatengd gjöld	1.306.404	1.201.917	8,7%
Húsnæðiskostnaður	227.891	224.815	1,4%
Annar rekstrarkostnaður	58.476	65.409	-10,6%
Afskriftir	23.021	23.325	-1,3%
	1.615.793	1.515.466	6,6%
Rekstrarafkoma (fyrir fjármagnsliði)	-9.030	-9.506	-5,0%

Alþjóðasamstarf 2017

Öflugt starf fer fram í Alþjóðadeildinni sem miðar að með því að gera nemendum kleift að taka þátt í samvinnuverkefnum með skólum víðs vegar í Evrópu í gegnum alþjóðlegar menntaáætlanir svo sem Erasmus+, Nordplus junior og etwinning. Slík verkefni eru mikilvæg í því alþjóðasamfélagi sem við lifum í í dag því þau auka menningarvitund nemenda, hjálpa þeim að skilja og virða ólík samfélög og efla borgaravitund þeirra. Við þetta starf bætast síðan verkefni sem ekki njóta styrkja en það eru aðallega nemendaskiptaverkefni milli nemenda og kennara í spænsku og frönsku við skóla á málsvæðum tungumálanna ásamt nemendaskiptaverkefnum við Bandaríkin.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur á alþjóðasviði félagsfræðibrautar hafi tækifæri til að taka þátt í skólaverkefnum en auk þess er það keppikefli skólans að sem flestir nemendur á öðrum brautum geti tekið þátt í samskiptaverkefnum með skólum erlendis. Á undanförunum árum hafa möguleikar þessara nemenda sífellt verið að aukast.

Á árinu 2017 var sem endranær tekið þátt í fjölmurgum verkefnum. Farnar voru ferðir eða tekið á móti gestum í tengslum við þau bæði meðal nemenda og kennara. Ferðir og heimsóknir standa yfirleitt yfir í viku og í langflestum tilvikum gista nemendurnir á heimilum í gestgjafalandinu og hýsa gesti þegar fundir eru haldnir í Verzló.

Ætla má að um 185 nemendur og 24 starfsmenn Verzlunarskóla Íslands hafi tekið þátt í þeim verkefnum sem getið er um hér á eftir (sjá Viðauka 1).

Lokaorð

Skólastarfið hefur gengið vel á árinu 2017. Aðsókn að skólanum var góð eins og fyrri ár. Meðal starfsmanna ríkti góður og jákvæður andi þrátt fyrir mikið álag vegna þeirra breytinga sem skólinn fer í gegnum með tilkomu styttingar náms til stúdentsprófs. Félagslíf nemenda var öflugt og áberandi sem gerir orðspori skólans gott og eykur vinsældir hans enn frekar. Haustið 2018 munu eingöngu nemendur í þriggja ára námi til stúdentsprófs stunda nám við skólann. Það segir sig sjálft að við það fækkar nemendum við skólann. Skólastjórnendur munu halda áfram að herja á yfirvöld menntamála um heimildir til fjölgunnar ársnemenda.

Viðauki I

Verkefni eftir mánuðum – hver fundur varir í viku.

Febrúar

Fyrsti fundur ársins var í Helsinki, Finnlandi í Nordplus junior verkefninu „*Jobba i Norden*“. Sex nemendur á hagfræðibraut á öðru ári tóku þátt í verkefninu sem var unnið með Finnlandi og Svíðþjóð. Kennarar í verkefninu voru Guðrún Rannveig Stefánsdóttir og Gísli Örn Bragason.

Þrjú nemendur á alþjóðabraut fóru til Hamborgar í Erasmus+ verkefninu „*Welcome to My City*“. Þrettán nemendur tóku þátt í verkefninu og voru þeir allir á öðru ári á alþjóðabraut. Verkefnið er tveggja ára samstarfsverkefni sex skóla og var þetta annar fundurinn. Kennarar í verkefninu voru Katrín Ólafsdóttir og Bertha S Sigurðardóttir.

Lokafundur í þriggja ára Erasmus+ verkefninu „*Young Voices in the European Democracies*“ var haldinn í Bremerhaven. Tveir kennarar, Ármann Halldórsson og Óli Njáll Ingólfsson, fóru með þrjú nemendur en alls tóku þátt í verkefninu þrjátíu og einn nemandi á alþjóðabraut.

Mars

Nemendaskipti með La Salle framhaldsskólanum, Mollerussa, Spáni. Í verkefninu tóku þátt tuttugu og þrjú nemendur í spænsku á öðru ári. Kennarar voru Hilda Torres og Svanlaug Pálsdóttir.

Tveir kennarar frá Rysensteen dvöldu með kennurum Verzló í eina viku. Fylgdust með og tóku þátt í kennslustundum

Nemendaskiptaverkefni milli Verzló og St George's Highschool, Newport, Rhode Island fór fram í Reykjavík. Laufey Bjarnadóttir tók þátt í verkefninu ásamt átta nemendum í 2. bekk á náttúrufræðibraut.

Nemendaskiptaverkefni milli Gribskov gymnasium og Verzló undir yfirskriftinni „*Nordisk teknologi og kulturarv*“ fór fram í Reykjavík. Tuttugu og átta nemendur á öðru ári tóku þátt ásamt kennurunum Ingibjörgu S Helgadóttur og Ingibjörgu Ósk Jónsdóttur.

Sigrún Halla Halldórsdóttir og Gerður Harpa Kjartansdóttir stýrðu fundi í nemendaskiptaverkefni með Lycée Chateaubriand ásamt tuttugu og tveimur nemendum í frönskuvali á fyrsta ári.

Fundur í hinu tveggja ára Erasmus+ „*Welcome to My City*“ verkefni var haldinn í Maribor, Slóveníu. Þrjú nemendur á öðru ári á alþjóðabraut tóku þátt ásamt Katrínu Ólafsdóttur og Berthu Sigurðardóttur.

Apríl

Í Stokkhólmi fór fram fundur í Nordplus verkefninu „*Jobba í Norden*“. Guðrún Rannveig Stefánsdóttir og Gísli Örn Bragason ásamt sex nemendum á hagfræðibraut í 2. bekk tóku þátt.

Lokafundur í þriggja ára Erasmus+ verkefninu „*Young Voices in the European Democracies*“ var haldinn í Rize í Tyrklandi. Einn nemandi ásamt kennurunum Ármanni Halldórssyni, Óla Njáli Ingólfssyni, Sigríði Tryggvadóttur og Berthu Sigurðardóttur sótti fundinn.

September

Erasmus+ verkefnið „*SMART*“ er nýtt verkefni þar sem saman vinna framhaldsskóli í Gijon á Spáni og Verzló. Fyrsti fundur var haldinn í Reykjavík með þátttöku tuttugu og þriggja nemenda í spænsku ásamt Tildu Torres og Svanlaugu Pálsdóttur kennurum.

Ingibjörg Ósk Jónsdóttir og Ingibjörg S. Helgadóttir fóru með tuttugu og fjóra nemendur á þriðja ári til Helsing. Ferðin var liður í nemendaskiptaverkefni með Gribskov gymnasium.

Heimsókn þrjátíu danskra nemenda á líffræðisviði í Rysenstein menntaskólanum í Kaupmannahöfn með tveimur kennurum. Verkefnið er Nordplus junior verkefni og viðfangsefnið „*Nordisk innovation i bekæmpelse af globale problemer*“. Þrjátíu nemendur á náttúrufræðibraut voru í verkefninu ásamt tveimur Völu Guðnýu Guðnadóttur og Ragnheiði Kristinsdóttur.

Undirbúningsfundur að nemendaskiptaverkefni við Riverdale Highschool í Bronx fór fram í Bronx. Í fundinum tóku þátt, Þorkell Diego, Guðrún Inga Sívertsen og Bertha Sigurðardóttir.

Nemendaskiptaverkefni við Lycée Chataeaubriand í Rennes, Frakklandi. Tuttugu og tveir nemendur í frönskuvali fóru ásamt Sigrúnu Höllu Halldórsdóttur og Gerði Hörpu Kjartansdóttur.

„*Opening doors into a global market*“ er nafnið á Nordplus verkefni sem Verzló hóf þátttöku í ásamt Uddevalla gymnasium, Svíþjóð og Dalene videregående, Noregi. 15 nemendur á öðru ári á viðskipta- og hagfræðibraut tóku þátt ásamt Þóru Hrólfsdóttur og Bertu Guðmundsdóttur. Fyrsti fundurinn var haldinn í Reykjavík.

Október

Fundur fór fram í Gijon á Spáni í Erasmus+ „*SMART*“ verkefninu. Tuttugu og þrír nemendur í spænskuvali tóku þátt ásamt kennurum sínum þeim Hildu Torres og Svanlaugu Pálsdóttur.

Þrír nemendur á alþjóðabraut fóru ásamt kennurum sínum Óla Njáli Ingólfssyni og Berthu Sigurðardóttur til Hyvenkää í Finnlandi. Fundurinn var liður í Erasmus+ verkefninu „*Welcome to My City*“.

Undirbúningsfundur í nýju Erasmus+ verkefni, „*Migration in Europe*“, var haldinn í Berlín. Fundinn sóttu Katrín Ólafsdóttir og Bertha Sigurðardóttir.

Þrjátíu nemendur þriðja ári á náttúrufræðibraut fóru til Kaupmannahafnar ásamt Völu Guðnýju Guðnadóttur og Ragnheiði Kristinsdóttur kennurum. Fundurinn var liður í „*Nordisk innovation*“ verkefninu með Rysensteen gymnasium.

Erasmus+ verkefnið „*Migration in Europe*“ er nýtt verkefni sem tuttugu nemendur á alþjóðabraut taka þátt í. Fjögur þeirra fóru á fund í Dronninglund, Danmörku ásamt Sigríði Tryggvadóttur og Berthu Sigurðardóttur.

Tólf nemendur í 2. bekk á náttúrufræðibraut og Helga Benediktsdóttir og Berglind Helga Sigurbórsdóttir fóru í nemendaskiptaheimsókn til St. George's highschool í Newport, USA. Verkefnið er ekki styrkt og greiða nemendur sjálfir fyrir farmiðann en fá fría gistingu og frítt fæði í skólanum sem er heimavistarskóli.

Nóvember

Fundur var haldinn í Nordplus „*Redo för arbetslivet*“ verkefninu í Stokkhólmi. Fundinn sóttu átta nemendur á öðru ári á viðskipta- og hagfræðibraut ásamt Guðrúnu Rannveigu Stefánsdóttur og Pálínu S. Magnúsdóttur kennurum.

Fimmtán nemendur á viðskipta- og hagfræðibraut sóttu Nordplus fund í verkefninu „*Opening doors into a global market*“ í Egersund, Noregi ásamt Öldu Jónu Nóadóttur og Bertu Guðmundsdóttur.